



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 128/145
komudagur 20.11.2002

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 19. nóvember 2002
Tilv. FLE 16-2002

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hildur Njarðvík nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál, heildarlög.

Með bréfi dags. 6. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 19. nóvember 2002

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215 mál, heildarlög.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefnd tók erindið fyrir á fundi sínum í dag.

Í 91. gr. frumvarpsins er fjallað um óhæði endurskoðenda og takmarkanir á störfum þeirra. Greinin er efnislega óbreytt frá 61. gr. laga nr. 113/1996. Í 1. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur nr. 18/1997 er fjallað um störf endurskoðenda: *Störf endurskoðenda felast í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða svo framarlega sem það hefur ekki áhrif á hlutlægni þeirra.* Í 9. gr. sömu laga er fjallað um vanhæfisástæður sem kunna að vera fyrir hendi.

Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. frumvarpsins er endurskoðanda óheimilt að starfa í þágu fyrirtækis að öðru en endurskoðun. Ekki verður séð hvaða rök hníga að slíkri takmörkun umfram það sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur en samkvæmt henni skal þess gætt að slík störf hafi “ekki áhrif á hlutlægni þeirra”.

Með hliðsjón af þessu gerir álitsnefnd FLE tillögu um að orðalagi 1. mgr. 91. gr. verði breytt þannig:

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður fyrirtækis eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun ásamt ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða svo framarlega sem það hefur ekki áhrif á hlutlægni hans.

Álitsnefnd FLE gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Handwritten signatures of the members of the FLE board, including Guðmundur Snorrason.